

## 1. Almennt:

Veiðifélag Landmannafréttar (kt. 630580-0999), Galtalæk 2, 851 Hellu, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna 2 tonna hámarksþífmassa af urriða í seiðaeldi þann 8. maí 2019.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennslí í Galtalæk. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennslí stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Eldisker eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennslí. Stærð rista á kerum ræðst af stærð fisks í eldi á hverjum tíma.

Matvælastofnun staðfestir að öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi hafi verið móttokin og þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 30. mars til 30. apríl 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

## 2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Veiðifélags Landmannafréttar. Rekstrarleyfið heimilar hámarksþífmassa 2 tonn til seiðaeldis á urriða að Galtalæk 2 á Hellu.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Matvælastofnun afhendir samhliða rekstraleyfinu starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 21. maí 2037.

Selfossi, 21. maí 2021